

Opin umræðufundur vegna stigamóta og röðunarmóta ÍPS.

Fundur settur kl 18:15, fundi stýrir Ingibjörg Magnúsdóttir og Þorgeir Einarsson og María Steinunn Jóhannesdóttir skiptast á að rita.

Mættir á fundinn Ingibjörg Magnúsdóttir, María Steinunn Jóhannesdóttir, Þorgeir Einarsson, Sigurjón Hauksson, skypetengdir fyrir norðan eru þau Jóhanna Bergsdóttir, Hinrik Þórðarson, Haraldur Ingólfsson og Bjarni Sigurðsson, Friðrik Diego mætir skömmu eftir að kynning Ingibjargar er hafin.

Fundur hefst á því að Ingibjörg kynnir hvernig stigamót fara fram í dag og hafa verið síðastliðin ár.

Vangaveltur:

- 1) Af hverju er ekki keppt um 3 sætið á stigamótum ?** María telur að það sé almennur vilji fyrir því og það mundi að minnsta kosti skera úr um nákvæmari stöðu á stigalista, ekki síst kvenna megin.
- 2) Á Íslandsmeistari að fá sjálfkrafa sæti í landsliði Íslands ?** Fundarmenn telja almennt að sá er vinnur Íslandsmeistaratitilinn í 501 sé vel hæfur til að fá sjálfkrafa rétt í landsliðið.
- 3) Er hægt að krefjast þess að haldið sé utanum meðaltal pílukastara ?** Það er mælt með að aðildarfélög komi sér upp búnaði til að það verði hægt í framtíðinni, Þórsarar hafa þegar stigið það skref, Reyknesingar eru að huga að því og málið var tekið upp á aðalfundi PFR á dögnum og er í meðferð hjá stjórn félagsins.
- 4) Ef einstaklingur flytur erlendis, á að íhuga hvort hann sé gjaldgengur í landsliði Íslands ?** Nokkuð skiptar skoðanir á því, almennt eru menn ekki á því en þó er alltaf spurning um hvernig fara eigi að því að geta ávallt stillt upp okkar besta liði, þarf sá keppandi þá að hafa skilað vissum fjölda stigamóta eða ekki ?
- 5) Gengur það upp að hafa sér stigamót á Reykjanesi ?** Málið rætt en það vantar beiðni og tillögu frá Suðurnesjamönnum, bíðum umsóknar frá þeim.
- 6) Á landsliðsmaður/ kona að hafa Íslenskt ríkisfang til að keppa fyrir Íslands hönd eða eigum við að fara eftir WDF reglum um að einstaklingur skuli hafa haft búsetu á landinu í 3 ár ?** Norðanmenn taka

sterka afstöðu til þess að þeir sem keppa fyrir Íslands hönd og jafnframt á stigamótum séu Íslenskir ríkisborgarar og allir eru sammála um að regluverkið þurfi að vera skýrt í þeim málum sem öðrum.

- 7) Eiga opin mót að geta talið til stiga ?** Nokkrar umræður eru um málið almennt telja menn nokkra vankanta á því t.d. ef erlendir keppendur koma og hirða sæti sem telja mörg stig, Þorgeir bendir á að það þurfi ekki að hafa svo mikil áhrif þar sem þessi mót verði hrein viðbót og það eru alltaf nokkur mót sem þurkast út ef keppendur eru duglegir að mæta, aðeins 10 bestu af 13-16 munu telja. Einnig er rætt um hvort keppendur megi rölja á milli landshluta til a keppa í stigamótum, fundarmenn eru almennt sammála um að best væri að hver og einn mundi ávallt keppa á sínu svæði og best væri ef öll stigamót færu fram á sama degi.

Tillögur að nýju fyrirkomulagi bæði að röðunarmóti og einnig á stigamótum kynntar, sjá fylgirit.

Að lokum minnst Ingibjörg á að Íslandsmótið í Krikket muni fara fram á Akureyri í haust og biður þá um að ath með tilboð á gistingu og einnig er rætt hvort það eigi að taka tvímenningsmótið á föstudeginum og einmenninginn á laugardeginum, mál til skoðunar en þó er talið að betra sé að byrja fyrr á morgnana (laugardags og sunnudags)

Fundi slitið 19:35